



## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Skrifstofa Alþingis - nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 12. apríl 2023

2304006SA KB  
Málalýkill: 00.63

### **Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um heilbrigðisstarfsmenn nr. 34/2012, 856 mál.**

Vísað er til tölvupósts frá nefndarsviði Alþingis, dags. 29. mars sl., þar sem óskað er eftir umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga um drög að ofangreindu frumvarpi til laga um breytingu á lögum um heilbrigðisstarfsmenn, nr. 34/2012 (heimilisofbeldi), 856. mál. Í frumvarpinu er lagt til að við lög um heilbrigðisstarfsmenn, nr. 34/2012, bætist við nýr málslíður sem felur í sér að heilbrigðisstarfsmanni sé heimilt, að beiðni sjúklings, að tilkynna heimilisofbeldi eða ofbeldi í nánu sambandi til lögreglu.

#### **Afstaða sambandsins**

Líkt og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu segir í stjórnarsáttmála núverandi ríkisstjórnar að áfram skuli unnið markvisst að aðgerðum gegn kynbundnu ofbeldi, að réttarstaða brotþola skuli bætt og forvarnir og fræðsla skuli efl. Markmið Istanbul samningsins sem Ísland er aðili að, er að vernda konur gegn öllum birtingarmyndum ofbeldis og fyrirbyggja ofbeldi, sækja til saka gerendur og uppræta ofbeldi gegn konum og heimilisofbeldi. Mikilvægt er að fyrir hendi sé þverfaglegt samráð í allri vinnu sem miðar að því að fyrirbyggja ofbeldi gegn konum og að til sé skýr farvegur fyrir m.a. heilbrigðisstarfsfólk að tilkynna lögreglu um heimilisofbeldi.

Þverfaglegt samráð er sérstaklega nauðsynlegt í ofbeldismálum þar sem það gerir ráð fyrir víðtækri og heildrænni nálgun til að taka á flóknu og margþættu eðli ofbeldis. Slíkt samráð getur auðveldað það að meta aðstæður heildstætt með því að skoða alla þætti sem máli skipta. Það getur enn fremur auðveldað þjónustuveitendum að bera kennsl á tilurð, birtingarmyndir og afleiðingar ofbeldis á þolendur. Sameinuð sérfræðiþekking þverfaglegs samráðs tryggir að allir þættir ofbeldismála séu ítarlegar metnir, sem leiðir til skilvirkari inngripa.

Sambandið tekur undir mikilvægi markmiða frumvarpsins, en uppræting ofbeldis gegn konum og heimilisofbeldis er lykill að samfélagi með jafnrétti að leiðarljósi og ljóst er að bæta þarf verklag þegar kemur að miðlun upplýsinga hvað varðar tilkynningarskyldu heilbrigðisstarfsfólks.

Virðingarfyllt  
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



---

Karl Björnsson  
framkvæmdastjóri